



Lokaverkefni: Tónlist í vinnunni – Söngbók og Youtubelisti

Nafn þátttakanda

Áætlun

Tölvur (dagsetning)

Byrja að velja lög fyrir söngbók: Kennari er búinn að velja lög úr fræðslunni, tvö fyrir hvert þema, sem hann álitur að þátttakandi hafi áhuga á. Byrja á að sýna þátttakanda lögina tvö sem tengjast Óskalögum Þjóðarinnar, hann velur annað þeirra. Finna textann í tölvunni (með eða án aðstoðar) og senda í prentarann. Velja á sama hátt lag sem tengist Eurovision og lag með Páli Óskari.

Setja lögina í möppu: Sækja textana í prentarann, setja hvert blað í plastvasa, setja í möppu.

Byrja að velja lög fyrir Youtubelista: Þátttakandi velur myndband af blaði sem síðan er hlustað á og vistað á Youtubelista hans.

Undirbúningur: Velja lög úr fræðslunni, vera tilbúin með möppu til að raða lögum í, forsíða fyrir söngbókina, tímalína með dagskrárliðum.

Athugasemdir eftir tímann:

Tónlist (dagsetning)

Halda áfram að velja lög fyrir söngbók: Velja lag með Sálin hans Jóns míns, lag með Bítlanum og lag sem hefur verið sungið í tónlistartímunum en tengist ekki fræðslunni.

Prenta út gítarhljóma fyrir söngbókina: Þátttakandi flettir upp fyrsta lag í söngbókinni, kennari finnur hljómana á www.guitarparty.com, prófa hljómana (syngja með gítar) og senda í prentarann.

Setja lögina í möppu: Sækja textana í prentarann, setja hvert blað í plastvasa, setja í möppu.





Undirbúningur: Velja lög úr fræðslunni, vera búin að búa til söngbók á www.guitarparty.com til að vista í, tímalína með dagskrárliðum.

Athugasemdir eftir tímann:

Tölvur (dagsetning)

Gera sögu í Story creator: Gera sögu um hvernig söngbókin var búin til. Notað myndir sem voru teknar í tímunum í síðustu viku.

Halda áfram að velja lög á Youtubelista: Þátttakandi velur myndband af blaði sem síðan er hlustað á og vistað á Youtubelista hans.

Undirbúningur: Verkefnablað með myndum fyrir söguna.

Athugasemdir eftir tímann:

Tónlist (dagsetning)

Klára að prenta út hljóma fyrir söngbókina: Þátttakandi flettir upp næsta lag í söngbókinni, kennari finnur hljómana á www.guitarparty.com, prófa hljómana (syngja með gítar) og senda í prentarann.

Skoða Youtubelistann í iPadinum: Þátttakandi prófar að velja eitt myndband af listanum.

Undirbúningur: Setja upp Youtubeappið í iPadinum.

Athugasemdir eftir tímann:





Líf mitt með öðrum
Sýnishorn af áætlun fyrir lokaverkefni

Tölvur (dagsetning)

Æfa kynningu: Kynna söguna um hvernig söngbókin var búin til í tölvutíma.

Bæta við söguna um lokaverkefnið: Myndum um Youtubelistann.

Halda áfram að velja lög á Youtubelista: Þátttakandi velur myndband af blaði sem síðan er hlustað á og vistað á Youtubelista hans.

Prófa að opna Youtubeappið í iPadinum: Velja myndband af listanum.

Undirbúningur: Verkefnablað með myndum fyrir söguna.

Athugasemdir eftir tímann:

Tónlist (dagsetning)

Kynning í (nafn á vinnustað).

Undirbúningur: Upplýsingsblað um kynninguna á (vinnustað) (sent heim fyrir helgi), gögn fyrir kynninguna.

